

TÍMARIT

ÍSLENZKRA SAMVINNUFÉLAGA

RITSTJÓRI:

JÓNAS JÓNSSON FRÁ HRIFLU.

XI. AR.



REYKJAVÍK 1917.

ÚTGEFANDI: SAMBAND ÍSLENZKRA SAMVINNUFÉLAGA
ÍSAFOLD — ÓLAFUR BJÖRNSSON

Efnisyfirlit.

	I.—II. hefti:	Bls.
<i>Jónas Jónsson</i> : Framtíðarlandið	1—12	
<i>Jón Gauti Pétursson</i> : Hvernig færi	13—15	
<i>Jónas Jónsson</i> : Hrossasalan.	16—20	
<i>Jón Dúason</i> : Félagshyggjan III	21—30	
<i>Guðbrandur Magnússon</i> : Um verzlun	31—50	
<i>Jón Gauti Pétursson</i> : Ófriðarhugleiðingar.	52—61	
<i>Jónas Jónsson</i> : Samvinnuskóli.	62—74	
<i>Olafur Friðriksson</i> : Jafnaðarstefnan	75—80	
<i>Jónas Jónsson</i> : Enn um markaðsverð	81—105	
Félagsmál	104—111	

III. hefti:

<i>Jón Árnason</i> : Samvinnumál	113—127
Aðalfundur Sambands ísl. samvinnufélaga 1917	128—133
Lög sambandsins	134—140
<i>Jónas Jónsson</i> : Utan úr heimi.	141—148
—»— Samvinnufél. og G. Gíslason	149—153
Félagsmál	154—160

Samvinnuskóli.

Það mál er nú komið á dagskrá hjá þjóðinni. Um nokkur undanfarin ár hefir sú hugmynd verið rædd í kyrþey meðal samvinnumanna, að þeim væri lifsnauðsyn að fá sinn eiginn verzlunarskóla. Málinu hefir verið lauslega hreyft oftar en einu sinni hér í þessu tímariti. Að síðustu hafa ádeilugreinar Garðars Gíslasonar vakið menn til umhugsunar um það málið. Hann litur óhýrum augum til pessarar skólastofnunar. Ástæðan er auðsæ. Hann veit að skortur á vel æfðum starfsmönnum er einna helzti þróskuldurinn á vegi samvinnumanna. Og ef bót yrði ráðin á þessari vontun, mundi verzlunin færast meir og meir í hendur samvinnufélaga. En af því að verzlunin er því miður ekki landhelgislaut haf, mundi að sama skapi minka gróði kaupmannanna. Óvild kaupmanna til samvinnuskólahugmyndarinnar eru því hennar beztu meðmaeli.

Fyrst er að gera sér grein fyrir því, hversvegna þörf er á slikri stofnun, og þar næst hvernig hún á að vera. Í þriðja lagi, hver verða muni kostnaður við stofnun hennar og starfrækslu.

Framleiðendur geta ekki komist af án manna, sem færa varninginn milli þeirra. Til að inna af höndum það starf þarf sérstaka stétt. Hún getur starfað með tvennu móti, annaðhvort fyrir eigin reikning og á eigin ábyrgð eða sem starfsmenn framleiðenda og kaupenda. Annað eru kaupmenn, hitt eru samvinnuforkólfar. Hugsjón kaupmanna er að kaupa sem ódýrast og

selja sem dýrast. Hugsjón samvinnumanna er að verzlunarhagnaðurinn lendi hjá viðskiftamönnunum. Sjálfir vinna þeir fyrir fastákveðið kaup að því að efla hagsmuni annara.

Fram á síðustu áratugi þektist hér ekki nema kaupmannaverzlun, og ennþá er fjöldi manna í landinu, sem ímynda sér, að það sé eina hugsanlega leiðin. Af þeim toga mun það spunnið, að þegar stofnaður var hér verzlunarskóli fyrir nokkrum árum, þá var áliði sjálf sagt að sníða hann eftir þörfum kaupmenskunnar en ekki samvinnunnar.

En fyrir þriðjungi aldar varð sá atburður hér á landi, að nokkrir bændur í Þingeyjarsýslu mynduðu með sér félag til að komast hjá því að skifta við illræmda einokunarverzlun á Húsavík. Þeir fluttu samvinnuhugmyndina inn í landið og gerðu hana að veruleika. Pessi litla byrjun hefir breiðst út, svo að nú er ekki nein sýsla til, þar sem samvinnufélagskapur hefir eigi verið reyndur í einhverri mynd. Forgöngumennirnir hafa því nær aetið verið sjálfmentaðir á verzlunarvisu, nema þeir fáu sem gengið hafa í samvinnuskóla erlendis. Brennandi áhugi fyrir almennri hagseld og efnalegum framförum þjóðarinnar hefir knúð þá til starfa. Þessvegna hefir árangurinn orðið svo mikill eins og nú er orðin raun á.

En tímarnir breytast. Sú stefna í samvinnuverzlinnini, sem menn hölluðust að, og með réttu, fyrir 20—30 árum síðan, er nú að falla úr sögunni. Fyrir brautryðjendur samvinnunnar voru pöntunarfélögin óskaráð. Þau voru ekki mannfrek. Myndarlegur bóndi gat haft nauðsynjavöruverzlun hálfrar sýslu í hjáverkum. Þar að auki fylgdi pöntuninni tiltölulega litil áhætta. Menn létu sér nægja að »fá í pöntuninni« verðmestu vörurnar, en skiftu svo við kaupmenn með aðra hluti.

Þegar til lengdar leið fullnægðu pöntunarfélögin ekki samvinnuþörfinni. Áhugamestu félagsmönnunum

þótti leiðinlegt að vera hálfir yfir í kaupmannsbúðinni. Þeir vildu vera sér sjálfum nógir. En til að geta það, varð að breyta pöntuntarféluginu í kaupfélag. Búðin varð að vera opin alla daga og hafa jafnfjölbreyttan varning eins og kaupmannsbúðirnar. Sumstaðar hafa menn reynt að blanda saman pöntunarfélagi og »sölu-deild», en ekki gefist vel. Það er að setja nýja bót á gamalt fat. Kaupfélag Eyfirðinga er fyrirmyn din á hinum nýja vegi, og gengi þess bregður ljóma yfir fyrirkomulagið. Enginn vafi virðist leika á því, að innan skamms verði samvinnuverzlanirnar flestar eða allar með því sniði, hvarvetna á landinu.

Þessi breyting leiðir til þess, að þar sem samvinnufélög þrifast á annað bord, verða þau öflugri, af því að þau fullnægja viðskiptaþörfinni betur en pöntunarfélögin gömlu. En þau verða líka mannfrekari. Kaupfélagsstjórinн getur ekki lengur haft starf sitt að auka-starfi. Hann verður að vera þar allur. Og það er ekki nóg. Hann þarf nokkra fasta starfsmenn, sem allir verða eins og hann að hafa búið sig undir starfið, svo að þeir standi feti framar en stéttarbræður þeirra í kaupmannsverzlununum.

Hvert hinna gömlu félaga hefir þannig smátt og smátt mikla þörf fyrir sérmentaða starfsmenn. Ennfremur þau héruð, sem ekki eru enn komin inn á samvinnubrautina, en ætla að gera það, hvænar sem þau fá álitlega forgöngumenn. Í þriðja lagi er heildsalan fyrirhugaða og skrifstofur hennar erlendis. Á öllum þessum stöðum vantar starfsfólk, sem er vaxið þeim vandasömu störfum, sem fyrir hendi eru.

Menn kunna nú að segja að það komi ekki samvinnuskólahugmyndinni við, þó að kaupfélögin færí út kviarnar. Þau geti fengið nóga starfsmenn úr Verzlunarskóla Íslands o. s. frv.

Þetta segja allmargir menn, það er satt. Sumir segja það í heilagri einfeldni, en aðrir af yfirdrepsskap.

Þeir vita að þetta úrræði er fjarstæða. Væri því fylgt mundi það til engrá heilla fyrir samvinnuhreyfinguna. Skulu nú færð fyrir því nokkur rök, hversvegna samvinnumenn búast ekki við að hafa nokkurt gagn af sérfræðsluskóla kaupmanna.

Fyrst benda þeir á þá reynslu, að kaupmenn eru því nær altaf fullkomnir andstæðingar kaupfélaganna. Og þá sjaldan þeir hafa verið fengnir til að vera »fastir starfsmenn« félaganna, hefir framkoma þeirra verið litt rómuð. Eigi sjaldan hefir allur félagsskapurinn hrunið í rústir í höndum slikra manna, til óbætanlegs tjóns fyrir hreyfinguna. En þar sem það hefir ekki orðið, hafa félög í kaupmannahöndum verið framfaralaus, eins og unglungur, sem eldist en vex ekki, af því hann gengur með hættulegan sjúkdóm, sem fyrirsjáanlega getur orðið að banameini.

Onnur bending í sömu átt er það, að þess munu fá eða engin dæmi um hina mörgu menn, sem útskrifast árlega úr verzlunarskólanum, að þeir snái sér að samvinnufélagsskap. Þeir virðast engan áhuga hafa í þá átt, og bendir það til, að varla verði að vænta forgöngu þaðan í samvinnumálunum. Eins og eðlilegt er, hafa þessar tvær staðreyndir orðið til að festa samvinnumenn í þeirri trú, að þeir gætu á engan hátt búist við að njóta styrks frá gömlum eða ungum kaupmönnum, þegar um starfsinenn væri að ræða.

Petta, sem nú hefir verið sagt, gildir um heildina. Hugsanlegt er, að einstakar undantekningar finnist. En þær eru og verða svo sjaldgæfar, að þær sanna að eins regluna. Kaupmenska og kaupfélagsskapur eru tveir ólikir vegir, tvær stefnur, tvennskonar trúarbrögð. Þær á milli er engin sniðgata fyrir báða. Hver verður þar sáluholpinn upp á sína trú.

Þriðja ástæðan er sú, að hagfræðiskensla Verzlunarskólans virðist vera mjög eindregið í vil auðsafni einstakra manna, án sérlega nákvæms tillits til hagsmunu

almennings. Um langt skeið var þar kend Viðskiftafræði Jóns Ólafssonar, sem eins og kunnugt er, hallast ákaflaga eindregið á sveif kaupmanna. Nú kennir Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri þessi fræði í skólanum, og virðist ekki mikil gefandi milli hans og Jóns Ólafssonar, hvað vinsemldina snertir til auðsjafnandi hreyfinga nútímans. Skoðanir hans verða gerðar að umtalsfni á öðrum stað í þessu hefti, svo að eigi verður frekar hreyft við þeiri hlið að sinni. Að eins bent á, að samvinnustefnan á kaldra griða að vænta, þar sem lífsskoðunin mótað af ritum og kennungum slikra manna. Er þetta ekki sagt þessum mönnum til ámaelis. Þeir eru réttir á sínum stað, við að búa kaupmenn undir að vera kaupmenn. Tilgangurinn að eins að leiða likur að því, hvers vegna ekki er hægt að búast við, að samvinnumenn noti Verzlunarskólann handa sínum tilvonandi starfsmönnum. Það er þeim jafn ómögulegt eins og vera mundi fyrir lúterska þjóð að eiga að bjargast við kabólskan prestaskóla handa prestsefnunum sínum.

Að öllu þessu athuguðu virðist það einsætt, að samvinnumenn verða að koma sér upp sinni eigin sérmentastofnun, sniðinni eftir þörfum félaganna. En vegna þess, að samvinnufélagsskapurinn hefir svo mikla þjóðhagsbætandi þýðingu, ber landinu að leggja fé til muna í slika stofnun, bæði í byrjun og í árlegan reksturskostnað. Skulu leidd nokkur rök að því.

Tökum herað eins og Eyjafjörð. Nú síðustu árin græða bændur í því heraði ca. 50—60 þúsundir árlega á kaupfélagini sínu. Og þar að auki græða aðrir menn í heraðinu stórmikið á því, sem slikt félag bætir kaupmannaverzlinu. Þetta sama dæmi endurtekur sig ár eftir ár. Sama sagan gerist að meira eða minna leyti í hinum öðrum samvinnufélögum landsins. Hundruð þúsunda hverfa í vasa samvinnumannanna á Íslandi ár hvert, sem annars mundi renna í sjóð nokkurra kaup-

manna, innlendra og útlendra. Og þó eru félögini enn þá eins og dropi í hafinu hér á landi, og geta ekki fært út kviarnar til muna fyrir skorti á nýjum starfsmönnum. Gömlu foringjarnir komast ekki yfir mikil meira en það, sem þeir nú hafa að sinna. Mér dettur í hug eitt dæmi, sem bregður ljósi yfir það, hvað vöntunin á samvinnuskóla er almenningi dýr, eins og nú er komið málum. Við einn litinn fjöld hér á landi er dállið þorp og nokkurt upplendi. Viðskiftaveltan ca. 150 þús. kr. árlega, öll i höndum einnar verzunar, litt ræmdrar. Nákunnugur maður úr þessu bygðarlagi fullyrðir, að mjög væri auðvelt fyrir heilbrigtr kaupfélag, að ná því sem nær allri veltunni í sínar hendur. Ennfremur að leiðandi menn bygðarinnar hafi nú og um nokkur undanfarin ár haft sterkan hug á að stofna kaupfélag, en ekki getað neinu til vegar komið, af því að þá vantaði starfsmann, sem þeir treystu. Nú er það alkunna að kaupfélög, sem rekin eru með ráðvendni og dugnaði, spara viðskiftamönnum sínum tíunda hluta af ársveltnni, borið saman við kaupmannaverzlin. Fyrir þetta umrædda herað er árlegt tjón af kaupfélagsleysinu alt að 15,000 kr. Þó er þetta afskektur útkjálki, sem flestir Íslendingar muna naumast eftir, nema meðan þeir eru að læra landafræðina. En hvað mundi þá hagnaðurinn í stóru héruðunum, þar sem enn er kaupfélagslaust eða sama sem? Og hver mundi hagnaðurinn á öllu landinu, ef þjóðin yrði alt í einu svo viti borin að koma allri sinni viðskiftaveltu í hendur samvinnufélaga?

Væntanlega sýna þessi dæmi, að þjóðfélaginu ber fullkomin skylda til að styrkja skóla handa samvinnumönnum, ekki einungis eins vel og kaupmannaskólann, heldur betur, ef samvinnumenn sœu ástæðu til að krefjast þess. Astæðan liggur í augum uppi, að sú stofnun, sem vinnur að því að bæta lífskjör allra þjóðarinnar, er meira virði fyrir almenning heldur en stofnun, sem

býr fáeina menn undir að auðgast stórkostlega á kostnáð almennings. Hitt er annað mál að kostnaðarhlíðin yrði fremur smávægilegt atriði, og það því fremur, sem sambandið mundi sjá sóma sinn í því að leggja riflega til þeirrar stofnunar, sem hefði svo geisimikla þýðingu fyrir félagsskapinn i heild sinni.

Pá er komið að þeirri hlið, hvernig samvinnuskólinn á að vera úr garði gerður. Verður þar að eins drepið á frumdrætti, því að reynslan ein og kröfur veruleikans geta til fulls markað stefnuna.

Takmark skólans ætti að vera það, að æfa á hverju ári nokkra unga en þó þroskaða menn, sem hefðu áhuga á samvinnumálum, svo að þeir væru jafnfaerir, eða betur, til að vinna við samvinnustörf, eins og útskrifaðir menn úr algengum verzlunarskólum eru til að fást við kaupmannaverzln.

Starf skólans mundi vera með tvennum hætti. Fyrst að glæða skilning á samvinnunni og einlægan vilja nemenda til að vinna fyrir þá hreyfingu, og í öðru lagi veita þeim algenga verzlunarsérmentun. Fyrra atriðið væri það sem greindi samvinnuskólan frá algengum verzlunarskóla. Það, framar öllu öðru, gæfi honum lífsgildi.

Í fyrstu yrði sennilega byrjað með vetrarlöngu námsskeiði. Ber margt til þess. Þörfir fyrir samvinnustarfsmenn er svo brýn, að hvert ár, sem dregst, kostar almenning stórfé, vegna þess að heil héruð, sem liggja varnarlaus við fætur kaupmannna, fá enga verulega hjálp fyr en fleiri starfsmenn koma til sögunnar. Í öðru lagi mundu koma fyrsta veturinn ýmsir vel undirbúnir menn, sem með sjálfnámi væru komnir nærrí því að geta tekið að sér samvinnustörf, en vildu þó njóta stuðnings skólans, úr því að hann var kominn. En úr því mundi tæplega hægt að komast af með minna en tveggja til þriggja vetrar dvöl, sex til sjö mánuði á ári. Vegna heildsölunnar yrði skólinn að vera í Rvík.

Frá byrjun ætti að leggja hina mestu áherzlu á það, að fá ekki nema þroskaða og reglusama menn í skólann. Að því mætti stuðla með erfðu inntökuprófi og ströngum aga. Í samvinnuskóla ætti ekkert rúm að vera fyrir áhugalausa slæpinga, þótt gáfaðir væru, hvað þá fyrir óreglumenn. Slika menn ætti skólinn að hafa leyfi til að senda heim, ef þeir á annað borð hefðu komist þar inn. Heimavist væri æskileg en að minsta kosti óhjákvæmilegt að hafa gott bókasafn til frjálsra afnota fyrir nemendur. Heppilegast væri að hafa ekki nema 10—12 menn í bekk. Kenslan, einkum í tungumálum, verður notadrýgri, ef fáir eru saman. Félagslíf nemenda betra innbyrðis, og kynning meiri milli lærisveina og kennara. Þar að auki varla þörf fyrir meira en 10—12 nýja menn á ári. Sumir mundu vafalaust nota skólann til að fá almenna mentun en ekki til að búa sig undir lífsstöðu. Er og þess hin mesta nauðsyn, að í hverju héraði séu nokkrir menn, aðrir en starfsmenn félaganna, sem vel bera skyn á samvinnumál.

Sí hluti kenslunnar sem snertir samvinnuhliðina, mundi ná yfir *sögu samvinnuhreyfingarinnar hér og erlendis*. Enn fremur *auðfræði og félagsfræði*. Gera yrði ráð fyrir að nemendur hefðu áður numið allmikið þeði í sögu Íslands og almennri sögu. Einmitt á þessum sviðum yrði þungamiðja kenslunnar. Þessar kenslungsreinar eru bezt fallnar til að vekja áhuga, og skapa skilning hugsandi manna fyrir ágæti samvinnunarr. Saga stefnunnar birtir dóm reynslunnar. Þar eru forðaemi, þeði til eftirbreytni og viðvörunar. Mikið af óhöppum, sem hent hefir samvinnufélagsskapinn hér á landi, stafa af því, að leiðtogarnir hafa ekki notfert sér fengna reynslu, innlenda og útlenda. Auðfræðin skýrir eðli viðskiftanna. Þar kennir að visu mjög mismunandi skoðana um ýms deilumál, sem snerta skiftingu auðsins. Sumir rithöfundar leggja í útskýringum sínum aðaláherzluna á þýðingu vinnunnar, bæði hvað

áhraerir myndun *auðs* og *verðs*. Aðrir gera mest úr starfi forkólfanna, vinnuveitenda og kaupsýlumanna, og virðast sætta sig vel við, að þeir fái drygstan skerf að ómakslaunum.

Þar sem þessi málstaður er mjög einhliða sóttur og varinn, eins og t. d. í Viðskiftafræði J. Ó., getur slikur lestur auðveldlega leitt menn á villigðtnr. Í samvinnuskóla þyrfti að vera við hendina fræðirit allra helztu auðfræðinga, hverri stefnu sem þeir hafa fylgt, og lögð áherzla á að nemendur gætu myndað sér sjálfstæðar skoðanir um gildi hinna ýmsu mismunandi kenningu.

Nokkuð svipað gildir um félagsfræðina. Þar er efnið enn viðtekara, að færa undir nokkur aðallög allar helztu tegundir félagsstarfseminnar í heiminum. Að vissu greinir hina merkstu fræðimenn í þeim efnunum mjög á um það, hversu flokka skuli hin félagslegu fyrirbrigði. En um hitt verður ekki deilt, að það sé mjög nauðsynlegt fyrir þá menu, sem ætla að vinna fyrir félagsheildina, að hafa kynt sér rit þeirra höfunda, sem spaklegast hafa skrifsað um mannfélagsmál.

Vist er von að sumum mónum þyki hér ætlast til mikillar vinnu, og óvanalegrar, af námssveinunum. Eru íslendingar því ekki vanir, að á þann hátt sé starfað hér í skólum. Er því rétt að nota tækifærð til að útskýra, hvernig gert er ráð fyrir að þessari kenslu yrði að haga, til að ná verulegum árangri á stuttum tíma.

Sá galdrur er fólginn í einu orði: *Bókasafnsvinnu*. Skólinn hefir rúmgott bókasafn, sem er opið námssveinum allan daginn. Þar er allur útbúnaður til þess, að vel geti farið um menn við lestur og skriftir. Í bókahillunum eru öll hin helztu heimildarrit, sem þörf er á við námið, og mörg eintök af þeim bókum, sem heill bekkur þarf að nota samtímis. Kenslustundir eru til-tölulega fáar. Kennararnir flytja yfirlitsfyrirlestra og

láta nemendur hafa sér til stuðnings stuttar handbækur með nákvæmum heimildaskrám. Siðan er námssveinunum gert að skyldu safna efni úr mörgum heimildum viðkomandi aðalatriðum kenslunnar og skrifa um það ritgerðir. Siðan les kennarinn yfir hverja ritgerð með þeim einum, sem hana hefir samið. Slik kensla hefir alstaðar reynst vel. Hún venur nemendur á að vinna sjálfstætt, og að athuga hlutina með eigin augum. Starf kennarans er að visa á veginn, benda á heimildirmar, og kenna viðvaningunum skipulega vinnu. Þeim mónum, sem lært hafa slikt vinnulag, verður auðveldara að brjóta vandamálin til mergjar, heldur en þeim, sem vandir eru á að eta hugsunarlaust eftir, það sem þeim er sagt. Til að geta starfað þannig, þurfa námssveinarir að geta lesið auðveldlega eitt útlent mál eða tvö, og hafa numið það á skömmum tíma.

Af eðlilegum ástæðum þurfa samvinnumenn á Íslandi á allmikilli málakunnáttu að halda, bæði að því leyti, sem þeir eru verzlunarmenn, en engu síður til að geta með ferðum og bóklestri kynst menningu erlendra þjóða. Ráðið til að læra erlend mál á skömmum tíma er það, að hafa innfædda kennara, og nema af þeim ekki einungis sjálf málín heldur og nokkrar aðrar bóklegar námsgreinar. Með þeim hætti likist dvölín í skólanum allmikið veru í öðru landi. Eins og allir sjá, sem athuga málið, yrði lengi framan af svo mikill hörgull á íslenzkum ritum um félagsmál, að þau fræði yrðu alls ekki numin til verulegs gagns, með þeim hætti, sem bent er á hér að framan, nema því að eins, að nemendurnir gætu haft gagn af útlendum bókum meiri hluta námstimans.

Annar hluti námsins, kensla í stærðfræði, bókhaldi, verzlunarlöggjöf o. s. frv. verður ekki gerð hér að umtalsefni, með því að í þeim efnunum er ekki ástæða til að breyta nema að litlu leyti frá venjulegri leið. Aftur á móti er ein grein verzlunarnámsins, sem litil stund hefir

verið lögð á hér á landi. Það er *vöruþekkingin*. Svo ramt kveður jafnvel að þessu, að sumir þeir kaupsýslumenn hér á landi, sem nafnkendastir eru fyrir gróða og gengi, eru mjög ófróðir í þessum efnunum, svo að þeim er mikill bagi að. Má þá nærri geta að ekki sé alt með feldu um smærri spámennina.

En samvinnumenn verða að hugsa hærra. Þeir verða að kappkosta að kunna sína íðju sem allra bezt. Dálitla byrjunarþekkingu í þessu efní má veita í skólanum með miklu sýnishornaúvali. Jafnframt yrðu námsmennirnir að eiga greiðan aðgang að heildsölunni, og samvinnubúð, sem væntanlega ris upp í Reykjavík, innan skamms. Þeir yrðu að skilja til fullnustu alt skipulag samvinnufélaganna og kynnast því verklega. Yfir sumartímann, þá mánuði sem skólar ekki starfa hér á landi, er mest þörf fyrir aukið starfsafi við verzlunina hér á landi. Þá gæti yfirstjórn samvinnumálanna komið námssveinunum, að minsta kosti flestum, að atvinnu í kaupfélagsbúðum viðsvegar um land og í heildsölunni. Með því móti fengju þeir undir eins verklega æfingu, jafnhliða bóklegu fræðslunni. Þar að auki er sennilegt, að samvinnuskólinn yrði síðar meir að krefjast þess af öllum, sem þar vildu nema, að þeir hefðu í eitt til tvö misseri unnið í samvinnubúð.

Pegar slikt skipulag er komið á, ræður stjórn samvinnumálanna yfir miklum og sæmilega aefðum mannafla. Tækifærin væru mörg, og hver og einn yrði að vinna sig upp, byrja í lægstu stöðum í kaupfélagsbúðunum og á skrifstofum sambandsins hér á landi og erlendis. Hækka síðan estir því sem reynslan maelir með þeim. Yrði þess þá skamt að biða, að samvinnuhreyfingin hefði í sinni þjónustu nægilega marga menn til að halda uppi málstað sínum, bæði utan lands og innan. Komið gæti til mála, ef landsverzlun yrði hér síðar meir með einhverjar þær vörur, sem annars eru í höndum »hringa« (kol, salt, steinolia), eða ef landið

tæki að sér einkasölu ásild, að landsverzlunin hefði að einhverju leyti not samvinnuskólans. Hlutverkið nokkuð skyld, að starfa að verzlun gegn ákveðnu kaipi, hvort heldur er fyrir félag eða fyrir landið. Bæði störfin gagnólik sjálfstæðu kaupmannsverzluninni, þar sem alt stefnir að því að geta grætt, sem mest sjálfur. En þetta er aukatriði, og engan veginn neitt keppikefli frá sjónarmiði samvinnumanna. Miklu liklegra að þjóðin í heild sinni yrði í vandræðum með heppilega starfsmenn við landsverzlun, ef hún ætti ekki völ annara starfskrafa heldur en þeirra, sem hægt væri að losa út ár kaupmannastéttinni.

Að síðustu fáein orð um kostnað við samvinnuskólann. Enga nákvæma áætlun þarf að gera á þessu stigi málsins. Skólinn pyrfti hús, og fasta kennara jafnmarga bekkjum, í mesta lagi þrjá. Siðan eitthvað af stundakennurum. Ennfremur töluluvert fé árlega til bókakaupa og áhalda. Í heild sinni mundi slik stofnun árlega kosta landið álika mikið og *ein meðalbúð* kostar þjóðina nú. Hvort tilvinnandi væri fyrir landsmenn að fá skóla til að ala upp verzlunarmannum handa *öllum hérudum* landsins, sem manndóm hefðu til að verzla á samvinnuvisu, þó að það kostaði þjóðfélagið árlega eins mikið og ein meðal kaupmannsbúð, verða menn að skera úr hver fyrir sig, eftir því sem þeir hafa skapferli og þekkingu til.

Sanngjarnasti vegurinn er sá, að verzlunarskólarnir séu tveir, annar fyrir kaupmenn, hinn fyrir samvinnumenn. Báðir séu styrktir jafnmikið af almannafé, en það sé þó ekki nema nokkur hluti reksturskostnaðarins. Nú sem standur aflar Verzlunarskóli Íslands sér allmikils fjár með því að selja kensluna. Hvort samvinnuskólinn gerði það, skal látið ósagt hér. En sambandið mundi sjá sóma sinn í að styrkja hann og efta sem mest; sjá eins og rétt er, að sú stofnun er hreyfingunni lifsskilyrði, eitt af þeim allra nauðsynlegustu.

Umraður þær, sem orðið hafa nú síðustu mánuðina um samvinnuhreyfinguna í heild sinni, hafa orðið til að skýra afstöðu bæði ýmsra nafnkendra manna, blaða og flokka, til samvinnustefnunnar. Ekki allfáir menn, sem meðan ekkert reyndi á, þóttust vera vinveittir, hafa nú komið fram sem fullkomnir andstæðingar. Þegar um fjárveitingu verður að ræða af landsfí til samvinnuþenslu, mun þessi andstaða verða enn berari. Fulltrúar kaupmannavaldsins — og þeir eru fleiri en margur hyggur — munu reyna með illu og góðu að koma í veg fyrir að samvinnuhreyfingin geti aflað sér sérmentaðra starfsmanna eftir þörfum. Það er mjög sennilegt að þeim takist það í nokkur ár. En við það skýrast linurnar, og þjóðin veit með fullri vissu, hverjum hún má treysta og hverjum hún á að vantreysta í þessu máli.